

Mál nr. 217/2008

M

og

Vátryggingafélagið V v flutningatryggingar A

Tjón á búslóð við flutninga þ. 9.5-6.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.10.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 645/08
3. Bréf V dags. 4.11.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

M leitaði til A um flutning á búslóð sinni frá Berlín í Þýskalandi til Íslands. A sendi flutningabíl að heimili A í Berlín og segir M að bílstjórinn hafi hlaðið búslóðinni í bílinn með aðstoð M. M segir að við lestun bílsins hafi hvorki verið til staðar vörubretti eða pökkunarplast og segir M að bæði M og bílstjóranum hafi verið ljóst að ganga þyrfti frá búslóðinni á nýjan leik við pökkun í flutningagám og segir M að bílstjórinn hafi sagt sér að starfsmenn A mundu pakka búslóðinni í Hamborg. Þegar M hugðist ná í búslóð sína kom í ljós að hún hafði orðið fyrir verulegum skemmdum. M krefst bóta úr flutningatryggingu A hjá V og bendir á að hann hafi keypt flutningaþjónustu hjá A og hafi ekki komið að frágangi búslóðar frá því að búslóðin hafi verið tekin í vörslu A við heimili M í Berlín og beri A ábyrgð á búslóðinni frá þeim tíma til afhendingardags. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ónógar umbúðir og lélegum frágangi sé um að kenna. Farmeigandi hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að varna skemmdum og beri ábyrgð á því. Þá bendir V á ákvæði í farmbréfi og segir farmbréfið þann samning aðila sem byggja verður á. Þá bendir V á að ekkert liggi fyrir um það að M hafi sóst eftir að kaupa pökkun eða frágang á búslóðinni en hann hefði mátt vita að sérstaklega þyrfti að greiða fyrir slíka þjónustu. Þá mótmælir V að félagið hafi gefið skuldbindandi yfirlýsingu um bótaskyldu.

Álit.

Búslóð sú sem um ræðir var afhent af M í flutningabifreið á vegum A í Berlín. Vörubílstjóri og flutningataeki voru á vegum A og vátryggingin tók gildi frá og með þeim tíma að M afhenti búslóðina í umrædda flutningabifreið. Ljóst er af 3. gr. vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um að vátryggingin tók gildi þegar M afhenti búslóð sína í Berlín.

Samkvæmt 2. gr vátryggingaskilmálanna segir í grein 2.1.2. að tap skemmdir eða kostnaður sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða bætist ekki. Tekið er fram að undir þetta ákvæði falli frágangur í gáma og flutningsvagna, en aðeins þegar gengið hefur verið frá hinu vátryggða áður en vátryggingin tók gildi, ellegar þegar vátryggður eða menn í hans þjónustu sáu um farangurinn. Í máli þessu liggur fyrir að M annaðist um hleðslu í flutningabifreiðina í Berlín ásamt vörubifreiðastjóra þeim sem bifreiðinni ók eins og fram hefur komið. M sá hins vegar ekki um frágang eða umbúnað búslóðarinnar þegar hún var tekin úr flutningabifreiðinni og búslóðinni komið fyrir í gámi til flutnings til Íslands. A tók við búslóðinni og bar ábyrgð á því að um hana yrði búið með fullnægjandi hætti þegar búið var um hana til flutnings til Íslands og ber ábyrgð á því að það var ekki gert. Ekki er sýnt fram á að M hafi getað komið að frágangi búslóðarinnar fyrir flutning í skip eða flutningaaðilinn hafi með fullnægjandi

hætti gert M grein fyrir að umbúnaði og frágangi á skipsfjöl yrði ábótavant nema hann greiddi sérstaklega eða kæmi að fráganginum. Þá verður almennt að líta svo á að flutningaaðilin beri ábyrgð á þeim varningi sem hann tekur að sér að flytja og beri að gæta eðlilegrar varúðar við frágang farms. Það gerði A ekki í því tilviki sem hér ræðir um og á M því rétt á bótum úr flutningatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr flutningstryggingu A hjá V.

Reykjavík 2.12. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.